

37 frá konungsríkinu nje frá Færeyjum þátt í síldarveiðum við Ísland með slíkum
10 febr. útgjörðum um stuttan tíma, sem lagafrumvarpið vill hindra, þá hefir ráðaneytið, bæði sökum þess að breyting getur á þessu orðið síðarmeir, og samkvæmt grundvallarreglum, sem í þessu efni ber að fylgja, orðið að telja það atriði svo mikinn galla á frumvarpinu, að það engan mun gjörir á veiðarfærum fluttum til landsins af utanríkismönnum og veiðarfærum, er flutt eru til landsins af dönskum þegnum, að ráðaneytið þess vegna í allraþegnsamlegustum tillögum sínum um málið hefir lagt það til, að frumvarpið fái eigi allrahæsta staðfesting, og þessar tillögur hefir hans hátign konunginum allramildilegast þóknast að fallast á.

Með því að ráðaneytið samt verður að játa, að bann gegn útflutningi síldarnóta, takmarkað á þann hátt, sem að sjálfsögðu vera ber, að það nái að eins til síldarnóta fluttra til landsins frá útlöndum, kynni að geta stutt að því, að koma í veg fyrir brot gegn fiskiveiðalögunum, þá hefir ráðaneytið jafnframt geymt sjer rjett til að leita, á sínum tíma, allrahæsts samþykkis, til þess að leggja slíkt lagafrumvarp fyrir alþingi.

Þetta er yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og birtingar í B-deild Stjórnartíðindanna ásamt ádurnefndu brjefi yðar.

Brjef landshöfðingja.

Alþingi, sem nú er samansafnað, hefur eptir löglegan undirbúning samþykkt frumvarp til laga um síldarnætur, sem borið var upp af þingmanna hálfu, og leyfi jeg mjer hjer með að senda það, bæði í þeim búningi er það fjeck hjá þinginu, og í danskri þýðing.

Undir umræðunum um mál þetta var skýrt frá því, að þegar mikil síld gangi inn á firðina á Austurlandi og Norðurlandi og þetta frjettist til Noregs, þá sjeu framtaks-samir norskir atvinnurekendur vanir að senda hingað heil nótabrúk — síldarnætur og nótabáta — og nótafolk upp til fjarðarins eða fjarðanna, en með því að eigendur nótabrúkanna þá eigi geti uppfyllt skilyrði þau, er sett eru í lögum nr. 7 frá 19. júní 1888 fyrir heimild til að reka síldarveiði í landhelgi, afhenda þeir nótabrúkin fyrir ákveðið verð að nafninu til einhverjum manni, sem þar er búsettur, og rekur veiðina í hans nafni. Þegar veiðinni svo er lokið, kaupa Norðmenn aptur nótabrúkin af þeim, sem að nafninu hafa verið taldir eigendur að þeim, og senda þau aptur til Noregs. Með því að hlutaðeigandi lögreglustjórar eigi hafa sjeð sjer fært að gera neitt við þessi brot á lögunum eða færa sömmur á, að afhendingar þessar sjeu aðeins til málamynda, vill alþingi reyna að koma í veg fyrir hið umrædda atferli með því, að banna að flytja aptur frá landinu síldarnætur, er notaðar hafa verið við veiðar hjer við land.

Með þessum athugasemdum vil jeg skjóta máli þessu til hins háa ráðaneytis.

38 Brjef landshöfðingja til stíptysfirvaldanna yfir Íslandi um lánstöku-
8. marz leyfi handa Staðarprestakalli í Aðalvík. — Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður, og yðar, herra biskup, í brjefi, dagsettu 1. þ. m., og beiðni hlutaðeiganda vil jeg hjermeð veita samþykki mitt til þess, að presturinn að

Stað í Aðalvík síra Páll Sivertsen taki allt að 600 kr. embættislán, gegn veði í **38**
tekjum prestakallsins, til vatnsleiðslu úr Indriðaa heim á prestssetrið Stað. Að **8. marz**
öðru leyti er lántökuleyfi þetta þeim skilyrðum bundið, að lánið endurgreiddist
með jöfnum áreglum afborgunum á næstu 12 árum eptir lántöku, að verkið verði
vel af hendi leyst, að gerður verði að því enduðu glöggur reikningur yfir kostnaðinn og skoðunargjörð á því haldin af áreiðanlegum mönnum, að 300 kr. aðeins verði greiddar af láninu við byrjun verksins, en eptirstöðvarnar, þó ekki yfir 300 kr., eptir reikningi að verkinu loknu, og þegar komin er sönnun fyrir því, að það sje vel af hendi leyst, og að afborganir og vextir greiddist af tillagi því, sem brauðið fær árlega úr landssjóði.

Þetta er yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og frekari birtingar.

Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna yfir Íslandi um breyt- **39**
ing á lántökuleyfi handa Bjarnarnessprestakalli. — Eptir móttöku **20. marz**
brjefs yðar, herra amtmaður, og yðar, herra biskup, dagsettu 14. þ. m., vil jeg fallast á það, að breytt sje skilyrðunum í brjefi mínu 30. júlí f. á. um 800 kr. lántökuleyfi handa Bjarnanesprestakalli, þannig, að borga megi af láninu allt að 5% um árið í vöxtu.

Þetta er yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og frekari birtingar.

Reglugjörð

40

fyrir Suðurmúlasýslu um lækningu hunda af bandormum.

3. febr.

1. gr.

Lækna skal alla hunda í sýslunni og skal lækningin fara fram í hverjum málmánuði og nóvember hvert ár frá 15.—30.

2. gr.

Hreppstjóra í hverjum hreppi er falið að annast um lækningu hundanna; en honum er heimilt, að skipta hreppnum í deildir og setja áreiðanlegan mann í sinn stað í hverja deild til að framkvæma lækningarnar; má enginn skorast undan þeim starfa nema forföll valdi. Einnig skal hreppstjóri tiltaka daginn og skipa fyrir, ef haganlegt þykir, að hundar af fleiri bæjum komi saman á einn bæ til lækninga og skulu hundaeigendur þá vera skyldugir að koma hundum sínum þangað. Skulu allir hlýða fyrirskipunum hreppstjóra í þeim efnum.

3. gr.

Beri svo til, að hundur komi eigi til lækninga á tilteknum tíma, eða vart verði við bandorm í hundi milli lækningatíma, skal eigandi hans, svo fjótt sem hægt er, færa hann þeim, er hann skal lækna, en annars skal álíta, að